

Nd.

145. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á sild.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Pétur Ottesen, Ólafur Thors.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölnnar. 5 menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Þeir skulu allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa þar aðsetur að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Jafnmargir varamenn séu kosnir, og skulu þeir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð. Útflutningsnefnd kys í byrjun hvers starfsárs formann fyrir komandi ár. Fáir enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. laganna falli niður. Í hennar stað komi:

Útflutningsnefnd ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, eftir því, er þurfa þykir. Hún ákveður laun þeirra og setur þeim erindisbréf.

3. gr.

3. liður 4. gr. laganna orðist þannig:

Að selja fyrir einkasölna í samráði við útflutningsnefnd o. s. frv.

4. gr.

9. gr. laganna falli niður, en i hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi: Reikningsár einkasölnunnar skal vera frá 1. apríl til jafnlengdar ár hvert.

5. gr.

11. gr. laganna verður 12. gr., en i stað 11. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Aðalfundur Sildareinkasölnunnar skal haldinn ár hvert á tímabilinu 20.—30. apríl, annaðhvort á Akureyri eða í Reykjavík, og skal útflutningsnefnd boða til fundarins með minnst 8 vikna fyrirvara. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar einkasölnunnar fyrir næsta ár á undan, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum útflutningsnefndar og framkvæmdarstjóra.
2. Lögð fram skýrsla útflutningsnefndar um reksturinn næsta ár á undan.
3. Kosin útflutningsnefnd og tveir endurskoðendur til eins árs og varamenn þeirra.
4. Ákveðin þóknun útflutningsnefndar og endurskoðenda fyrir næsta ár á undan, og sömuleiðis ferðakostnaður fulltrúa aðalfundar.
5. Önnur mál, er fram kunna að koma og varða hagsmuni einkasölnunnar og sildareigenda.

Aðalfund sækja 24 fulltrúar. Skulu 13 þeirra kosnir af sildarútgerðarmönnum um land allt, 8 af sjómannafélögunum og 3 af skipstjóra- og stýrimannafélögunum, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur.

Kjörtímabil fulltrúa á aðalfund sé tvö ár. Hver hinna kjörnu fulltrúa skal tilnefna sér varamann og tilkynna það aðalfundi.

Láti einhver hinna þriggja aðilja, útgerðarmenn, sjómenn eða skipstjórar, undir höfuð leggjast að kjósa löglega fulltrúa sína til aðalfundar, missa þeir rétt sinn til að eiga fulltrúa á aðalfundi, og skal þá aðalfundur jafnlögmætur og ályktunarfær, þótt fulltrúa einn eða fleiri vanti af þessum ástæðum. Þó þarf minnst $\frac{2}{3}$ kjörinna fulltrúa á aðalfund, til þess að hann teljist lögmætur. Nú verður aðalfundur af einhverjum ástæðum ekki lögmætur, og skal þá útflutningsnefnd boða til aðalfundar á ný, með minnst 14 daga fyrirvara, og telst sá fundur lögmætur.

6. gr.

12. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

14. gr. laganna verður 13. gr. og orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á sild.

Bráðabirgðaákvæði:

Fyrsti fundur Sildareinkasölunnar skal haldinn á tímabilinu 20.—30. maí 1931, og skal stjórn einkasölunnar boða til hans með símskeyti með minnst 14 daga fyrirvara. Kosning fulltrúa á fyrsta aðalfundi skal fara fram á tímabilinu frá 1. til 5. maí 1931.

Ákvæði 4. liðs 11. gr. koma ekki til framkvæmda á fyrsta aðalfundi.

Greinargerð.

Frv. þetta er fram komið vegna hinnar almennu og megnu óánægju, sem fram hefir komið meðal sjómanna og útgerðarmanna með sildareinkasöluna og ýmsar framkvæmdir hennar. Er nú svo komið, að margir eru svo vonsviknir, jafnvel þeir, sem fylgdu því í upphafi fast fram að koma einkasölnni á, að þeir vilja nú helst afnema hana með öllu.

Allir, sem kunnugir eru, munu sammála um það, að mestu skakkaföllin hafi stafað af því, hve óhönduglega hefir tekizt með stjórn einkasölunnar, en henni er nú svo fyrir komið, að eigendur sildarinnar — sjómenn og útgerðarmenn — hafa þar engin úrslitaáhrif, og er þeim þó málið skyldast. Úr þessu er frv. ætlað að bæta. Mun það tæplega verða véfengt, að réttast er, að umráð og yfirstjórn þessa fyrirtækis sé í höndum þeirra aðilja, er nú voru nefndir. Reynslan hefir leitt í ljós svo alvarleg mistök á stjórn einkasölunnar, að Alþingi er skylt að gera það, sem unnt er, til að koma í veg fyrir áframhald þeirra. Verður og að telja sjálfsagt, að yferráð fyrirtækis þessa séu falin þeim, er hér eiga mest í húfi.